



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 13/2012

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Arion banka hf.
2. Íslandsbanka
3. Lýsingu hf.
4. Samtök fjármálafyrirtækja
5. Seðlabanka Íslands
6. Straumi fjárfestingabanka hf.

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 13/2012 varð að reglum nr. 625/2013 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	Íslandsbanki	1. gr.	<p>Eðlilegt að skilgreiningar komi á eftir gildissviði reglnanna og verði því grein nr. 2.</p> <p>Lagt er til að vísað sé í skilgreiningar á móður- og dótturfélögum í lögum um ársreikninga. Mögulega vantar skilgreiningu á fjármálafyrirtæki. Til frekari skýringar hvort rétt sé að vísa til skilgreininga laga um fjármálafyrirtæki varðandi hóp tengdra viðskiptavina og yfirráð.</p> <p>Ef hugmyndin er að nota hugtökin móðurfélag og dótturfélag á annan hátt í þessum reglum en gert er í lögum um ársreikninga þá er það óheppilegt og mun valda ruglingi. Ef það er svo leggjum við til að önnur hugtök séu notuð til að lýsa tengslum vegna yfirráða.</p> <p>Varðandi skilgreiningu á "Stórar áhættuskuldbindingar" er bent á að talað er um "...fjárhagslega tengdra aðila..." en ætti líklega að vera "...fjárhagslega tengdra viðskiptamanna..."</p> <p>Rétt er að benda á ósamræmi í þýðingu á enska orðinu Tranches í skilgreiningu á "Verðbréfun". Samanber annars vegar "hlutur" og hins vegar "lag".</p> <p>Skilgreining á „Yfirráð“ í 6. tl. er óskýr með tilliti til þess að upptalningunni er ætlað að ná utan um tengsl milli móður- og dótturfélags en ekki vegna tengsla einstaklinga og annarra lögaðila. Auk þess er hún án takmarkana og því enginn mælikvarði settur á beitingu heimildar FME. Lagt er að 6. tl. sé tekinn út. Annars er lagt til að mælikvarði sé settur s.s. að tengslin leiði til verulegra áhrifa. Í þessum tölulið er skilgreiningu á yfirráðum ruglað saman við skilgreiningu tilskipunarinnar á hvað teljist móðurfélag, sem er eðli málsins samkvæmt ekki það sama.</p>
2	Íslandsbanki	2. gr.	<p>Hefð fyrir því í lögum og reglum að gildissviðið sé afmarkað í upphafi. Lagt til að greinin verði 1. gr.</p> <p>Reglurnar eru til komnar vegna áhættuskuldbindinga fjármálafyrirtækja en ekki fjármálafyrirtækjanna sjálfra. Lagt er til að vísa til áhættuskuldbindinga í gildissviðinu, sjá eldri reglur til samanburðar.</p>
3	Íslandsbanki	3. gr.	<p>Í 3. mgr. vantar endingu, þ.e.a.s. "...eru undanskildir útreikningi skv. 1. og 2. mgr." Hvaða greinar?</p> <p>Í upptalningu 4. mgr. um liði sem teljast ekki til áhættuskuldbindinga er hugtakið</p>

			<p>áhættuskuldbinding notað fyrir eignaliðina sjálfa en ekki samtölu þeirra líkt og gert er í skilgreiningunni í 1. mgr. Skýra þarf hvort "áhættuskuldbinding" eigi við samtöluna eða þá liði sem mynda samtöluna. Ef áhættuskuldbinding er ekki aðeins samtalan þá er lagt til að 1.mgr verði felld niður.</p>
4	Íslandsbanki	4. gr.	<p>Í 2. mgr. er vísað í 2. mgr.? Tilvísun í 2. mgr. þarfnast skýringar.</p> <p>Í 3. mgr. in fine mætti bæta við tilvísun í 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki til frekari skýringar.</p>
5	Íslandsbanki	6. gr.	<p>Það er ekki samræmi í 6. gr. og í dreifibréfi FME um skýrsluskil dagsettu 20. desember 2012. Líklega fer betur á því að vísa í það yfirlit sem er uppfært oftar en reglurnar.</p> <p>Er um að ræða tæmandi upptalningu af upplýsingum um stórar áhættuskuldbindingar sem eiga að vera í skýrslum?</p> <p>B. liður 2. mgr. er óskýr, svo virðist sem einhver orð vanti í textann svo samhengi náist.</p> <p>Óvíst er hvaða þýðingu tilvísun 3. mgr. í 3. mgr. 4. gr. hefur.</p>
6	Íslandsbanki	7. gr.	<p>Bent er á að gæta þarf samræmis í orðalagi 1. mgr. þessarar greinar og 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki að því varðar stofnun áhættuskuldbindingar umfram 25% mörkin.</p> <p>Nýtt viðmið um hámark áhættuskuldbindinga að fjárhæð 150 milljónir evra virðist ekki eiga sér stoð í lögum um fjármálafyrirtæki sbr. 30 gr. Slíkt viðmið kann að leiða til skakkrar samkeppnisstöðu og mismununar milli fjármálafyrirtækja.</p> <p>Til skýringar mætti vísa í 4. mgr. in fine í viðeigandi ákvæði laga um fjármálafyrirtæki varðandi þessa fresti.</p>
			<p>Skýra þarf ákvæði 4. liðar með fyllri hætti að teknu tilliti til neðangreinds.</p>

7	Íslandsbanki	8. gr.	<p>Í 4. lið kemur fram að áhættuskuldbindingar sem ekki uppfylla skilyrði skuli meðhöndla sem áhættuskuldbindingar gagnvart þriðja aðila. Er hugmyndin hér að sérhvert dótturfélag sem myndar samstæðu en uppfylla ekki skilyrðin sé meðhöndlað eins og um sjálfstæðan, ótengdan aðila sé að ræða? Ef um fleiri en eitt dótturfélag er að ræða sem uppfylla ekki skilyrðin eru þau þá undanþegin ákvæði um yfirráð og mynda því ekki saman einn hóp tengdra viðskiptavina?</p> <p>Í 5. lið er ekki ljóst við hvað er átt þegar talað er um samþykki FME. Er átt við að FME þurfi að samþykkja viðkomandi fjármálafyrirtæki sem innlánsstofnun almennt eða er átt við að FME þurfi að samþykkja að innistæður séu notaðar sem frádrag í stórum áhættuskuldbindingum?</p> <p>Skýra þarf með fyllri hætti hver merking 2. mgr. 5. liðar er. Gott væri að þetta atriði yrði útskýrt í leiðbeinandi tilmælum með reglunum.</p>
8	Íslandsbanki	9. gr.	<p>Í 2. mgr. in fine er vísað til 10. gr. Óljóst er hvort verið sé að vísa til reglna FME nr. 215/2007 eða þeirra reglna sem hér eru til umfjöllunar.</p>
9	Íslandsbanki	10. gr.	<p>Ætti að vera undir 8. gr. þar sem annars staðar í reglunum er vísað í áhættuskuldbindingar að teknu tilliti til frádrags, sbr. 7. gr.</p> <p>Óljóst er hvort 10. gr. lýsi frádragi frá áhættuskuldbindingum eða aðferðum sem eru notaðar til að mæla áhættuskuldbindingar fyrir frádrag.</p> <p>Í 4. mgr. eru sett fram skilyrði fyrir því að heimilt sé að lækka virði áhættuskuldbindingar vegna viðskiptahúsnæðis. Þar er bæði gerð krafa um að leigutekjur af húsnæðinu séu ekki mikilvægur þáttur í greiðslugetu viðskiptavinar (FME reglur 215/2007) og á sama tíma að húsnæðið sé í útleigu og gefi af sér viðunandi leigutekjur. Áhættuskuldbinding vegna fyrirtækis sem nýtir sitt eigið viðskiptahúsnæði við sinn eigin rekstur getur því ekki notið lækkunar samkvæmt þessari mgr. Við teljum það vera andstætt tilgangi málsgreinarinnar.</p>
11	Íslandsbanki	11. gr.	<p>Fara þarf nánar yfir framkvæmd álagsprófs í leiðbeinandi tilmælum.</p>
12	Íslandsbanki	12. gr.	<p>Í 6. mgr. kemur fram að fjármálafyrirtæki sé heimilt að nota bæði heildaraðferðina og þá meðferð sem um getur í 4. mgr. Þarf að skýra hvort vísun í heildaraðferðina sé átt við ákvæði 11. gr.</p>

			reglnanna.
13	Íslandsbanki	13. gr.	Í því skyni að tryggja hnökralausa og samfellu í framkvæmd á reglunum er lagt til að gildistaka reglnanna verði samhliða útgáfu leiðbeinandi tilmæla eftirlitsins vegna reglnana og nýju skýrsluskilaformi.
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
14	Arion banki hf.	1. gr.	<p>Almenn umsögn:</p> <p>Bankinn fagnar því tækifæri á að fá að koma með athugasemdir um umræðuskjal 3/2012 en þær skipta verulega máli í starfsemi bankans. Almennt leggur bankinn áherslu á að hér á landi gildi sambærilegar reglur á sviði fjármálamarkaða og annars staðar á evrópska efnahagssvæðinu og á það jafnt við um stórar áhættuskuldbindingar.</p> <p>Bankinn telur mikilvægt að þegar verið er að semja reglur á grundvelli tilskipana Evrópusambandsins og þýða úr enskri tungu sé mikilvægt að vandað sé til þýðinga og að öll hugtök séu skilgreind skilmerkilega. Mikilvægt er að texti sé almennt auðlæsilegur og auðskiljanlegur til að tryggja rétta framfylgni.</p> <p>Bankinn óskar eftir því að fá að fylgja athugasemdum þessum eftir með stuttum fundi.</p> <p>Varðandi framsetningu almennra athugasemda skal tekið fram að einhverjir tæknilegir gallar voru í skjalinu sem lýstu sér þannig að ekki var hægt að fylla í dálkinn almennar athugasemdir. Því eru almennar athugasemdir felldar inn í dálkinn fyrir 1. gr.</p> <p>1.gr.: Bankinn telur þörf á að skýra inntak hugtaksins yfirráð betur en gert er í núgildandi lögum og reglum. Hugtakið er skilgreint á víð og dreif í íslenskum lögum og vantar að mati bankans töluvert upp á að samræmis sé gætt.</p> <p>Umræðuskjalið nr. 13/2012 (hér eftir nefnd "regludrögin") inniheldur reglur sem settar eru skv. heimild í 4. mgr. 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Í lögum um fjármálafyrirtæki eru yfirráð skilgreind sem tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í lögum um ársreikninga, eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og félags. Þá er</p>

			<p>hugtakið yfirráð skilgreint í samkeppnislögum og verðbréfavíðskiptalögum svo að dæmi sé tekið en skilgreiningar þessar fara ekki saman að öllu leyti.</p> <p>Í grein Guðmundar Arnar Jónssonar, sérfræðings í áhættustýringu, sem birt var í 4. tölublaði Vefrits Fjármálaeftirlitsins í desember s.l., segir: "Aðferð Fjármálaeftirlitsins við eftirlit með tengingum hóps tengdra viðskiptamanna verður að mestu leyti stuðst við gögn sem eru í vörslu opinberra aðila. Samkvæmt þeim viðmiðum sem verða lögð til grundvallar teljast það yfirráð ef inn aðili á meira en 50% í öðrum". Þessi túlkun FME veldur því, að mati bankans, að enn óljósara er við hvað beri að miða við mat á því hvort yfirráð teljist vera til staðar eða ekki.</p> <p>Bankinn bendir jafnframt á að þó á að skilgreining á yfirráðum í regludrögum sé ekki sú sama og skilgreining á yfirráðum í lögum um fjármálafyrirtæki heldur sé skilgreiningin orðrétt tekin upp úr nýju frumvarpi með breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sbr. þingskjal nr. 643 – 501. mál, en það frumvarp hefur ekki verið afgreitt sem lög á þinginu. Verður því að telja að lagastoð skorti fyrir þeirri skilgreiningu á yfirráðum sem fram koma í regludrögum.</p>
15	Arion banki hf.	3. gr.	<p>Í 2. mgr. 3. gr. er hugtakið útlánaígildi eða Credit Equivalent notað en ekki er að finna skilgreiningu á því í 1. gr. reglugranna.</p>
16	Arion banki hf.	4. gr.	<p>Í 2. mgr. 4. gr. segir: Til að greina undirliggjandi áhættur skv. 2. mgr. skal fjármálafyrirtæki leggja mat á efnahagslegt inntak (e. Economic Substance) og áhættur sem felast í umgjörðfjármálagerninganna.</p> <p>Bankinn telur ekki skýrt hvað felst í orðunum "efnahagslegt inntaki í umgjörð fjármálagerninga" og telur að skýra þurfi það nánar til að tryggja rétta framkvæmd samkvæmt reglum.</p>
17	Arion banki hf.	7. gr.	<p>Í 7. gr. er vísað til Viðauka V sbr. 55. gr. A í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 en bankinn telur að tilvísun til enskrar útgáfu slíks viðauka sé andsætt því sem almennt þekkt í íslenskum rétti. Tilvísanir af þessum toga séu afar óaðgengilegar og geti skapað vafa um það við hvað beri að að miða og hvaða reglur gildi hverju sinni en slíkt getur leitt til þess að óvissa sé innan fjármálafyrirtækja um það hvort viðhöfð sé rétt framkvæmd eða ekki.</p> <p>OFANGREIND ATHUGASEMD Á VIÐ UM ALLAR ÞÆR GREINAR Í REGLUDRÖGUNUM ÞAR SEM VÍSAÐ ER TIL VIÐAUKA SBR. 55. GR A Í REGLUM FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS NR.</p>

			215/2007, AUK 7. GR. 8., 9., 10., 11., OG 12. GR.
18	Arion banki hf.	8.gr.	<p>3. liður 8. gr.</p> <p>Í 3. lið 8. gr. segir: Eignaliðir, sem fela í sér kröfur eða aðrar áhættuskuldbindingar á héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríkjum, þar sem þessum kröfum yrði úthlutað 0% áhættuvog skv. 12. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007.</p> <p>Bankinn gerir athugasemdir við orðalag og þýðingu á þessari grein. Í reglum nr. 215/2007 er talað um héraðs- og sveitarstjórnir regludrögin tala aftur á móti um héraðsstjórnir og staðaryfirvöld. Bankanum þætti æskilegt að hugtökin yrðu skýrð til að tryggja rétta framkvæmd skv. reglunum.</p> <p>4. liður 8. gr.</p> <p>Í 8. gr. draga að reglum um stórar áhættuskuldbindingar er fjallað um heimild til frádráttar við útreikning á fjárhæðum áhættuskuldbindinga vegna öruggra eignarliða. Í 4. lið sömu greinar er heimilað að draga frá áhættuskuldbindingar vegna mótaðila sem er fyrirtæki innan sömu samstæðu, ef mótaðilinni fær áhættuvægið 0% samkvæmt V.kafla reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 að því gefnu að ákveðin skilyrði séu uppfyllt. Skilyrði þessi eru talin upp í liðum i-v í greininni og er vísað til regludraganna varðandi inntak þeirra.</p> <p>Bankinn gerir ákveðnar athugasemdir við þetta ákvæði og telur að um misskilning sé að ræða í framsetningu þess. Ástæður þess eru eftirfarandi:</p> <p>Í 1. mgr. 80. gr. tilskipunar Evrópusambandsins 2006/48/EB (Directive 2006/48/EB of the European Parliament and of the Council of 14 June 2006 relating to the taking up and pursuit of the business of credit institutions) er fjallað um skyldur fjármálafyrirtækja til að veita öllum áhættuskuldbindingum ákveðið áhættuvægi. Sambærilegra reglur er að finna í V. kafla reglna FME nr. 215/2007 um eiginfjákröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.</p> <p>Í 7. mgr. 80. gr. tilskipunarinnar er heimilt að veita 0% áhættuvægi ef skuldbinding uppfyllir ákveðin skilyrði. Skilyrðin sem þar er mælt fyrir um eru nákvæmlega sömu skilyrði og koma fram í 4.lið 8. gr. í regludrögunum. Þannig virðast skilyrði fyrir veitingu 0% áhættuvægis í tilskipuninni notuð í öðrum tilgangi í regludrögunum eða til þess að meta það hvenær heimilt er að draga frá</p>

		<p>áhættuskuldbindingar sem eru innan sömu samstæðu. Bankinn telur að hér sé um efnislegan misskilning að ræða þar sem fjármálafyrirtæki sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í liðum i-v í 4. lið 8. gr. má fá 0% áhættuvog skv. 7. mgr. 80. gr. tilskipunarinnar.</p> <p>Bankinn leggur því til að eftirfarandi málsgrein verði breytt til samræmis við 7. mgr. 80.gr. tilskipunarinnar</p> <p>úr:</p> <p>Áhættuskuldbindingar vegna mótaðila sem er fyrirtæki innan sömu samstæðu, ef mótaðilinn fær áhættuvægið 0% skv. V. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007 og uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:</p> <p>í:</p> <p>Áhættuskuldbindingar vegna mótaðila sem er fyrirtæki innan sömu samstæðu, með áhættuvægið 0% skv. V. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007 vegna þess að það uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:</p> <p>8. liður 8. gr.</p> <p>Í 8. lið 8. gr. segir: 50% af bankaábyrgðum, með litla eða miðlungsáhættu, utan efnahagsreiknings og af þeim ónotuðu lánsheimildum, með litla eða miðlungsáhættu, sem um getur í 8. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.</p> <p>Bankinn gerir athugasemd við að samþykki Fjármálaeftirlits þurfi til að nota útlánaígildi utan efnahagsliða tengda ábyrgðum og lánsloforðum. Bankinn gerir einnig athugasemd við orðalag. Greinin gæti verið orðuð á skýrari hátt til að tryggja rétta eftirfylgni. Í þessu samhengi er bent á liði m. og n. 4.gr. í gildandi reglum nr. 216/2007.</p> <p>Í p. lið 4. gr. gildandi reglna nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum segir: „kröfur á fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins, viðurkenndra verðbréfafyrirtækja utan Evrópska efnahagssvæðisins, skipulegra verðbréfamarkaða og viðurkenndra greiðslujöfnunarstöðva og kröfur með ábyrgð sömu aðila með lánstíma efnistöðva að</p>
--	--	--

			<p>hámarki eitt ár. Kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir einu ári og allt að þremur árum má undanskilja að 80% hluta, en kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir þremur árum eða lengur má undanskilja að 50% hluta. Ákvæðin varðandi kröfur með lánstíma eftirstöðva lengri en eitt ár eru háð því skilyrði að kröfurnar séu í formi skuldaskjala sem eru gefin út af einhverjum þeirra aðila sem getið er í 1. málslið þessa töluliðar sem eru framseljanleg á markaði sem er starfræktur af viðurkenndum aðilum og að söluverð þeirra sé daglega skráð, „.</p> <p>Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í nýju reglunum og því ríkir nokkur óvissa um það að mati bankans hvar á að fella kröfur sem bankinn á á aðrar fjármálastofnanir vegna nostro reikninga, eða skammtíma innlána bankans hjá öðrum fjármálafyrirtækjum. Telur bankinn rétt að þetta verði skýrt í nýju reglunum eins og það er í gildandi reglum.</p>
19	Arion banki hf.	10. gr.	<p>Bankinn telur óljóst hvenær megi flokka lán með veði í viðskiptahúsnæði í 50% áhættuvog. Eins og regludrögin gera ráð fyrir eru sett þau skilyrði fyrir því annað hvort að húsnæðið sé í útleigu og gefi af sér viðeigandi leigutekjur eða sé tengt kaupleigusamningi. Þetta telur bankinn ekki í samræmi við túlkun FME varðandi áhættuvog útlána með veði í íbúðar- og atvinnuhúsnæði (sjá hérna: http://www.fme.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/1694) en þar segir í lið 4. að lántaki þurfi að geta staðið að langmestu leyti undir afborgunum samkvæmt eðlilegu uppgreiðsluferfi án tekna af hinu veðsetta viðskiptahúsnæði. Þá segir jafnframt að leigutekjur megi ekki vera meginforsenda þess að viðkomandi lántaki geti staðið við afborganir af láninu. Bankinn telur þetta ekki í samræmi við það sem fram kemur í regludrögunum og telur mikilvægt að skýrt sé nánar hver séu skilyrðin fyrir því að heimilt sé að flokka lán með veði í viðskiptahúsnæði í 50% áhættuvog.</p> <p>Í tilskipun 2009/111/EB (DIRECTIVE 2009/111/EC OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 16 September 2009 amending Directives 2006/48/EC, 2006/49/EC and 2007/64/EC as regards banks affiliated to central institutions, certain own funds items, large exposures, supervisory arrangements and crisis management) eru skilyrðin varðandi viðeigandi leigutekjur eða kaupleigusamning ekki gerð.</p> <p>Þá telur bankinn óljóst hvað felist í orðinu "viðeigandi" leigutekjur.</p>
20	Arion banki hf.	11. gr.	<p>Í 1. mgr. er talað um leiðrétt virði áhættuskuldbindinga (e. fully adjusted Exposure Value) skv. VII kafla reglan FME nr. 215/2007 en í VII kafla er hvorki talað um leiðrétt virði áhættuskuldbindinga né fully adjusted Exposure Value.</p>

			<p>Þá segir í 2. mgr. "fjármálafyrirtæki sem nýtir heimild samkvæmt 1. mgr., nánar tiltekið heildaraðferðina (e. Financial Collateral Comprehensive Method) skv. VII sbr. 55. gr. A reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007 skal...."</p> <p>Þannig er í 1. mgr. fjallað um leiðrétt virði og fully adjusted exposure en í 2. mgr. er fjallað um heildaraðferð og Financial Collateral Comprehensive Method en þó er á sama tíma vísað í 1. mgr. í 2. mgr. Þetta telur bankinn að þetta þurfi að vera skýrara.</p> <p>Í tilskipun 2009/111/EB sem breytir tilskipun 2009/48/EB er 114. gr. síðari tilskipunarinnar breytt. Þar kemur fram að fjármálafyrirtækjum sé heimilt að nota tvær aðferðir til að milda áhættuskuldbindingar, þ.e. fully adjusted exposure og Financial Collateral Comprehensive Method. Í regludrögunum eru þessi bæði hugtök nefnd en hugtakið heildaraferð vísar þó eingöngu til "Financial Collateral Comprehensive Method" sbr. 2. gr. reglugranna en þar kemur fram að hugtakið heildaraðferð sé aðferð sem fjármálafyrirtækjum sé heimilt að beita við mildun á útlánaáhættu.</p> <p>Bankinn telur hugtakanotkun þessa í regludrögunum nokkuð óljósa og sé hætta á að hún valdi misskilningi. Ef vísa á til beggja ensku hugtakanna, sem nefnd hafa verið hé að ofan, er að mati bankans rétt að skilgreina merkingu þeirra beggja. Þá telur bankinn að ef vísa á til reglna nr. 215/2007 sé skýrara að notuð séu sömu hugtök og þar koma fram til að forðast misskilning og rangtúlkun.</p> <p>Í a. og b. lið 4. mgr. 11. gr. er fjallað annars vegar um útlánavernd (a. liður) og hins vegar tryggingar (b. liður).</p> <p>Bankinn telur villandi að hér sé verið að nota tvö mismunandi hugtök og sama hlutinn.</p> <p>Þá telur bankinn að skýra þurfi betur hvað átt sé við með c. lið 4. mgr. 11. gr.</p>
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
21	Samtök Fjármálafyrirtækja	Almenn	Fundað hefur verið á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) um ofangreint mál. Fjármálafyrirtæki hafa sent sínar athugasemdir beint til Fjármálaeftirlitsins (FME) varðandi málið.

		umsögn	<p>Þær athugasemdir sem hér eru gerðar eru almenns efnis og eru í meginatriðum tvær.</p> <p>Annars vegar telja SFF heppilegt að með breytingum af þessu tagi fylgi greinargerð til skýringar á þeim breytingum sem gerðar eru. Mikill tími fer hjá aðildarfélögum SFF að samlesa tillögur að nýjum reglum FME við þær EES-gerðir sem verið er að innleiða hverju sinni og átta sig á hver hugsunin sé að baki breytingum. Auk þess er t.d. í dreifibréfi sem fylgdi drögnum í þessu tilviki vísað til þess að höfð hafi verið hliðsjón af sambærilegum reglum í Noregi og Danmörku án þess að vísað sé til hvaða lög, reglur og ákvæði átt er við. Almenn tölur SFF að skynsamlegt væri að vinna að undirbúningi reglna af þessu tagi í samráðshópi þar sem sérfræðingar aðildarfyrirtækja væru kallaðir til en þannig má m.a. tryggja betri skilning beggja aðila á þeim breytingum sem leitast er eftir að ná fram.</p> <p>Hins vegar hagar svo sérstaklega til í þessu máli að lagagrundvöllur þessara reglna er að hluta til í viðaukum við tilskipanir frá Evrópusambandinu (ESB) sem ekki hafa verið þýddir á íslensku. Gerð var tímabundin undanþága á sínum tíma til þess að heimilt væri í reglum FME að vísa til birtingar viðaukanna í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku meðan unnið var að þýðingu þeirra yfir á íslensku. Af því hefur ekki orðið þrátt fyrir að liðin séu rúm sex ár frá samþykkt laganna. Þá hefur viðaukunum verið breytt af hálfu ESB án þess að nýir og breyttir viðaukar hafi verið innleiddir hér á landi. Allt þetta veldur óvissu um hvaða ákvæði eru í gildi hér á landi.</p> <p>Að auki vill SFF taka upp og ítreka eitt atriði sem fram kemur í athugasemdum einhverra aðildarfyrirtækja. Svo virðist sem skammtímakröfur milli fjármálastofnana undanskildar (sbr. 4.gr, liði g,h og p í núverandi reglum) séu ekki lengur undanskildar við mat á stórum áhættum. Slíkt er óheppilegt ekki síst vegna erlendra viðskipta.</p>
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
22	Lýsing	Almenn umsögn	<p>Þar sem fyrirbyggjandi drög miða að innleiðingu ákvæða tilskipana ESB um stórar áhættuskuldbindingar væri æskilegt fyrir gagnsæi að vísað væri til þess í viðeigandi reglum. Einnig er beinlínis mælt fyrir um slíkt í tilskipunum ESB, sbr. 4.gr. tilskipunar nr. 2009/111/EC</p>

23	Lýsing	1. gr.	<p>Eiginfjárgrunnur: Í 1. gr. er að finna sérstaka skilgreiningu á orðinu eiginfjárgrunnur sbr sem með stjórnvaldsfyrirmælum er verið að þrengja lagahugtak, sbr. 30.gr. og 84.gr laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Ekki liggur fyrir á hvaða lagaheimild slíkt frávik frá lögmæltu hugtaki byggir. Óskað er eftir upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu um lagagrundvöll þess að beita sérstakri skilgreiningu og hvaða ákvæði tilskipana ESB er verið að innleiða með framangreindu</p> <p>Dótturfélag/móðurfélag: Í 1.gr. er að finna sérstaka skilgreiningu á orðunum dótturfélag og móðurfélag, en ekki beitt eða vísað til ákvæða ársreikningslaga. Í bankatilskipun ESB nr. 2006/48/EC er um þessar skilgreiningar vísað í ársreikningstilskipunar ESB nr. 83/349, auk þess sem viðbótarákvæði er að finna varðandi túlkun þessara hugtaka við beitingu ákveðinna efnispátta tilskipunarinnar. Hætt er við því að framangreind aðferðarfræði geti falið í sér misræmi á milli ákvæða stjórnvaldsfyrirmælanna og framangreindra réttarheimilda.</p> <p>Yfirráð: Í 1.gr. er aðf inna skilgreiningu á hugtakinu yfirráð sem stangast á við skilgreiningu sama hugtaks í lögum nr. 161/2002. Sérstaklega skal bent á það að ákvæði 6. tl. skilgreiningarinnar samræmist ekki skilgreiningu bankatilskipunar ESB , sbr. ársreikningstilskipun ESB.</p>
24	Lýsing	2.gr.	<p>Í 2.mgr. 2.gr. er mælt fyrir um að reglurnar taki til samstæðu fjármálafyrirtækis og móður og dótturfyrirtækja, þar með talið útibúa og mats á áhættu vegna skuldbindinga þeirra.</p> <p>Ákvæðið er óljóst orðað. Telja verður ljóst að fjármálafyrirtæki <i>stand alone</i> og samstæða fjármálafyrirtækis sæti reglum um stórar áhættuskuldbindingar. Það er hins vegar óljóst hvort að ákvæði er að gera kröfu um að dótturfélag fjármálafyrirtækis sem ekki er fjármálafyrirtæki eigi að lúta reglum um stórar áhættuskuldbindingar í rekstri sínum <i>stand alone</i> og ef svo er á hvað alagaheimild það byggir . Að síðustu virðist óþarfi að tiltaka útibú sérstaklega þar sem útibú er ekki sjálfstæður lögaðila. óskað er eftir að 2.mgr. 2. gr. verði skýrari</p>
25	Lýsing	7.gr.	<p>Framsetning 2. og 3.mgr. 7gr. er óskýr og ákvæðið innleiðir 2. og 3 undirliði 1.mgr. 111. gr. bankatilskipunar ESB. Lager til að ákvæðið hljóði svo:</p> <p><i>Áhættuskuldbing vegna viðskiptavinar sem er fjármálafyrirtæki eða vegna hóps tengdra viðskiptavina, sem inniheldur eitt eða fleiri fjármálafyrirtæki, mega ekki fara yfir 25% af</i></p>

			<p><i>eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis eða 150 miljónir evra (EUR, hvort heldur sem er hærra. Þetta er þó háð því að samtala áhættuskuldbindinga þeirra aðila í viðkomandi hópi tendra viðskiptamanna sem ekki eru fjármálafyrirtæki fari ekki yfir 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækisins, að teknu tilliti til mildunar áhættu skv. 8.gr.</i></p> <p><i>Þegar hlutfallið 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis nemur lægri fjárhæð en 150 miljónir evra (EUR), skal áhættuskuldbinding, að teknu tilliti til mildunar áhættu skv. 8.gr. ekki fara umfram hæfileg mörk með hliðsjón af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis. Fjármálafyrirtæki skal ákveð hvað teljist hæfileg mörk í samræmi við stefnu og verklagsreglur um samþjöppunar áhættu sbr. 55.gr. A viðauka V, 7. töluliður reglna um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja nr. 215/2007, en þó mega umrædd mörk ekki vera hærra en 100% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis. Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtæki að setja mörk umfram 100% af eiginfjárgrunni í einstökum tilvikum.</i></p>
26	Lýsing	8.gr.	<p>Í 5.tl. 1.mgr. 8. gr. segir að heimilt sé að undanskilja handveð í innstæðum að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Spurningin er hvort að Fjármálaeftirlitið þurfi að samþykkja hverja og eina handveðssetningu. Ef súr er raunin gæti það kallað á verulegt umstang innan fjármálakerfisins og stjórnsýslunnar með tilheyrandi kostnaði. Spurning er hvort ekki megi frekar gera einhverjar almennar kröfur til handveðsins.</p>